



Allt annað umhverfi

Bæði tækifæri og áskoranir fylgja hröðum breytingum á fjármálamarkaði að mati framkvæmdastjóra SFF. Ákveðin hætta fylgi auknum kvöðum fyrir lítið hagkerfi. » 2-4

SFF DAGURINN 2024

Viðskiptablaðið

MÍÐVIKUDAGURINN 3. APRÍL 2024

Að vaxa með þjóðinni


Fjármálaþjónusta á Íslandi í 150 ár



Samtök fyrirtækja
í fjármálaþjónustu

Lág arðsemi og háir skattar

Hagfræðingur SFF bendir á að arðsemi eigin fjár íslenska bankakerfisins hafi undanfarin ár verið nokkuð undir því sem almennt viðgengst í öðrum Evrópuríkjum. » 8-10



Aukin samkeppni

Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka, segir að samkeppni hafi aukist á fjármálamarkaði, en að á móti veiki núverandi regluverk samkeppnisstöðu þjóðarbúsins. » 12-14



Eigendastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki er skýr um að losa eigi frekar um eignarhald ríkisins í fjármálakerfinu. Þessu er ég sammála og hef alltaf verið.

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir
fjármála- og efnahagsráðherra.

» 22



Einstök aðlögunarhæfni

Kari Olrud Moen, framkvæmdastjóri Finans Norge, segir fjármálakerfi Noregs og Íslands eiga ýmislegt sameiginlegt. Bæði kerfin hafi sýnt einstaka aðlögunarhæfni. » 6



Gullhúðun bitnar á öllum

Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur SFF, segir dæmi um að íþyngjandi íslenskar sérreglur með óljósan ábata bitni á fjármálafyrirtækjum og viðskiptavinum þeirra. » 18-19

Aukin hættu fylgir íþyngjandi reglum í litlu hagkerfi

Heiðrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SFF, segir það skemmtilega tilviljun að SFF dagurinn verði haldinn á sama tíma og 150 ár eru liðin frá upphafi innlendra reglusetningar á fjármálamarkaði. Breytingarnar hafi verið sérlega hraðar á síðustu árum, bæði hvað varðar regluverk og tækniumhverfið. Það hafi kallað á nýjar áskoranir en einnig tækifæri til að sinna neytendum betur og með öðrum hætti en áður.

FANNDÍS BIRNA LOGADÓTTIR
fanndis@vb.is

Kristján IX birti tilskipun um hlunnindi fyrir sparisjóði á Íslandi 5. janúar 1874, sama dag og hann staðfesti fyrstu stjórnarskrá landsins. Það eru því liðin 150 ár frá upphafi innlendra reglusetningar á fjármálamarkaði. Heiðrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SFF, segir þetta skemmtilega tilviljun en ýmislegt hafi breyst frá þeim tíma.

„Tilskipunin frá 1874 var um ein blaðsíða, þó fleiri reglur hafi náð yfir fjármálastarfsemi þá, en í dag er áætlað að yfir 15 þúsund blaðsíður af lögum og reglum gildi um fjármálastarfsemi,“ segir Heiðrún.

„Það er í sjálfu sér eðlilegt að regluverkið hafi gjörbreyst enda hafa orðið ótrúlegar breytingar á íslensku samfélagi á þessum 150 árum, þá ekki síst síðustu 30 árin. Flestar þessar reglur eiga ættir sínar að rekja til Evrópu og eru settar til að fyrirbyggja af mikla áhættutöku.“

Það er eðlilegt og nauðsynlegt enda spilar fjármálakerfið mikilvægan þátt í þjóðfélaginu á hverjum tíma og þróun þess. Til að tryggja heilbriggt fjármálakerfi þá þurfa að vera til staðar reglur og öll þurfum við að spila eftir þeim. Hvað varðar þróun undanfarinna ára má þó segja að það sé orðin áhætta í hvað reglurnar eru flóknar, bæði fyrir eftirlitsaðilann og fyrirtæki á markaði. Það á ekki bara við um Ísland, önnur og fjölmennari ríki í Evrópu hafa sömu áhyggjur.“

Séríslenskar reglur og aukaálögur flækja því fyrir en hér á landi eru þrjár tegundir af viðbótarsköttum á fjármálafyrirtæki. Það feli í sér gríðarlegan kostnað en talið er að viðbótar-



Heiðrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SFF.

VB MYND/EYÞÓR

skattarnir samsvari um 20% af rekstrarkostnaði bankanna.

„Þegar kemur að Íslandi er ákaflega mikilvægt að við séum að spila eftir sambærilegum reglum og eru í nágrannaríkjum. Við erum því ekki að biðja um afslátt umfram það, bara alls ekki, heldur að keppt sé á jafnréttisgrundvelli. Vissulega eru fleiri lönd í kringum okkur með sérstaka skatta á fjármálafyrir-

tæki en gengið hefur verið talsvert lengra í þeim efnum hér á landi en í nágrannaríkjum. Við höfum bent á að það sé ákveðin hættu á að auknar kvaðir, t.d. með hærri skattlagningu og séríslenskar íþyngjandi reglur í okkar litla hagkerfi, komi niður á samkeppnishæfni fjármálageirans og getu hans til að sinna þörfum heimila og atvinnulífsins.“

Heiðrún bendir á að íslensku bankarnir séu ekki einir á þeim mörkuðum sem þeir starfi á. Þeir keppi til að mynda við erlend fjármálafyrirtæki um lán í erlendri mynt og innanlands við lífeyrissjóði um húsnæðislán, sem búi ekki við sams konar kröfur um eftirlit og sértæka skatta.

Íþyngjandi gullhúðun

Hér á landi hafi gullhúðun einnig reynst íþyngjandi, þar sem lengra er gengið við innleiðingu EES-reglna á fjármálamarkaði en EES-samningurinn kveður á um. Starfshópur um gullhúðun hefur nú farið af stað og sendi SFF nefndinni 24 ábendingar um íþyngjandi séríslenska gullhúðun, en ekki var um tæmandi lista að ræða.

„Í því samhengi þá er það tvennt. Annars vegar er það að reyna að vinda ofan af gullhúðun sem þegar er komin og einfalda þannig regluverkið þannig að það sé ekki flóknara og meira íþyngjandi en þörf er á. Hins vegar í þeim tilfellum

Nauðsynlegt að jafna stöðu barna

- Samtökin hafa í rúman áratug unnið að því að efla fjármálalæsi, ekki síst meðal barna. Aðalnámskrá grunnskóla er í endurskoðun um þessar mundir og hefur verið kallað eftir því að fjármálalæsi verði skylda en í dag er mjög misjafnt hvernig kennslu er háttað milli skóla og hverfa. Heiðrún segir málið snúast um að jafna stöðu barna þannig að ekkert barn fari upp úr grunnskóla án þess að búa yfir lágmarksþekkingu í fjármálalæsi. Samkvæmt nýlegri könnun vildu 89% aðspurðra hafa lært meira um fjármál í grunnskóla. Þá kom fram að einungis um 10% sögðust hafa lært það í grunnskóla. „Börnin okkar verða fyrir sífelldri meiri samfélagspressu og hraðinn í samfélaginu verður sífelldri meiri. Okkur ber einfaldlega skylda sem samfélag að búa börnin betur út í lífið hvað þetta varðar svo þau hafi betri tækifæri til að búa sér til heilbrigðan fjárhag. Við þekkjum öll hvað það getur verið auðvelt að misstiga sig á þessu sviði,“ segir Heiðrún.



Konur fjárfestum Arion

Vertu með!



Allt umhverfið í kringum fjármálastarfsemi hefur gjörbreyt á síðustu fimmtán árum að sögn Heiðrúnar.

VB MYND/EYÞÓR

Við höfum bent á að það sé ákveðin hættu á að auknar kvaðir, t.d. með hærri skattlagningu og séríslenskar íþyngjandi reglur í okkar litla hagkerfi, komi niður á samkeppnishæfni fjármálageirans og getu hans til að sinna þörfum heimila og atvinnulífsins.

Heiðrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SFF.

sem hægt er að fá undanþágur frá reglum, að reyna að nýta þær vegna smæðar okkar og annars," segir Heiðrún.

Nýjar áskoranir fylgja auknum hraða

Almennt hafi gríðarlegar breytingar átt sér stað á fjármálamarkaði í gegnum tíðina, ekki síst með tæknibreytingum sem hafi leitt til aukins hraða. Nauðsynlegt sé að bregðast við breyttu umhverfi.

„Þessar breytingar sjást berlega á rekstri bankanna. Þeir hafa náð afar góðum árangri í lækun kostnaðar, sem fyrst og fremst er kominn til vegna tæknibreytinga. Þetta hefur skapað hagræði fyrir viðskiptavinum þar sem þjónustan verður fljótlegri og einfaldari. Í dag getum við afgreitt okkur sjálf í síma eða tölvu á mörgum sviðum sem áður útheimti ferð í útibú," segir Heiðrún.

En aukinn hraði og aukin viðskipti yfir netið leiðir um leið af sér nýjar áskoranir.

„Af þeim sökum höfum við lagt

áherslu á bæði forvarnir tengdar netsvikum og fjármálalæsi. SFF og okkar aðildarfélög eru í stöðugri vinnu við að berjast gegn svikatilraunum og vekja athygli almennings á þessari hættu. Svikatilraunirnar geta verið mjög trúverðugar og mikilvægt að vera stöðugt á varðbergi. Þá er einnig gott að hafa í huga að ef eitthvað hljómar of gott til að vera satt, þá er það trúlega þannig," segir Heiðrún.

Þrautseigja í erfiðum aðstæðum

Þá segir Heiðrún að breytingar á umhverfinu kalli á að fjármálafyrirtæki bregðist einnig við þeim aðstæðum sem koma upp í þjóðfélaginu á hverjum tíma, á borð við afleiðingar heimsfaraldursins eða eldsumbrota á Reykjanesskaganum.

„Það var brugðist hratt við þegar eldsumbrotin í Grindavík hófust. Í samráði við stjórnvöld var komið til móts við Grindvíkinga, sem hafa sýnt ótrúlega þrautseigju í afar erfiðum aðstæðum. Fyrst með því að fella

niður vexti og verðbætur og fresta afborgunum en svo síðar við stofnun Þórkötlu fasteignafélagins sem heldur utan um kaup fasteigna af Grindvíkingum.“

Þá er vaxtastigið einnig eitt-hvað sem jafnan berst í tal þegar kemur að fjármálageiranum enda finni almenningur og fyrirtæki fyrir hækkandi vaxtastigi í kjölfar hækkunar stýrivaxta að undanförunu.

„Það er mikilvægt verkefni okkar allra að ná böndum yfir verðbólguþrauginn. Fjármálafyrirtæki hafa líkt og aðrir hagsmunir af því að ná niður vöxtum og verðbólgu enda er markmið stýrivaxtahækkana að draga úr allri eftirspurn í hagkerfinu, þar með talið eftirspurn eftir fjármálaþjónustu. Þá er jákvætt að þrátt fyrir núverandi vaxtastig eru vanskil bæði heimila og fyrirtækja enn lægri en þau voru fyrir heimsfaraldurinn árið 2019 og skuldahlutföll heimila og fyrirtækja hafa haldið áfram að lækka.“

Tekur tíma að byggja upp traust

Afkoma bankanna er jafnanframt eitt af því sem fylgt hefur umræðu um fjármálageirann. Heiðrún bendir á í því samhengi að arðsemi íslenskra banka sé undir meðaltali þeirra landa sem við viljum helst bera okkur saman við. Auk þess þá fer arðurinn í samneyslu með einum



Íslenskir neytendur njóta góðs af

- Breytingar á umhverfi fjármálafyrirtækja hafa í einhverjum tilvikum haft jákvæðar afleiðingar en Heiðrún segir margt benda til þess að hraðar tæknibreytingar og lækun kostnaðar á undanförunum árum hafi skilað sér til íslenskra neytenda.
- Seðlabankinn fjallaði nýlega um það í ritinu Fjármálastöðugleiki að vextir á sparifé hafi fylgt hækkandi stýrivöxtum mun betur hér á landi en í Noregi og á evrusvæðinu Í ritinu velti Seðlabankinn upp hvort meiri samkeppni væri um innlán á Íslandi en í Evrópu, m.a. vegna þess hve auðvelt er að stofna bankareikninga hér á landi í gegnum snjallsímaforrit.
- Þá kom fram í skýrslu um gjaldtöku og arðsemi íslensku bankanna á síðasta ári, að bæði þjónustugjöld og vaxtamunur heimila á Íslandi hefði farið lækkað að raunvirði á síðustu árum og virðist almennt á pari við það sem viðgengst á hinum Norðurlöndunum. „Þetta eru jákvæð tíðindi, sér í lagi í ljósi smæðar íslenskra fjármálafyrirtækja í samanburði við hin Norðurlöndin,“ segir Heiðrún.

eða öðrum hætti þar sem helstu eigendur bankanna séu annars vegar ríkið og hins vegar lífeyrissjóðir.

Engu síður skipti traust almennings á fjármálaþjónustu í landinu máli að sögn Heiðrúnar. Samkvæmt könnun sem Gallup vann fyrir SFF segist meirihluti aðspurðra hafa neikvæða afstöðu til fjármálakerfisins í heild, en að sama skapi er meirihluti aðspurðra jákvæður gagnvart sínum viðskiptabanka og tryggingarfélagi. Því gæti verið að orðið kerfi kalli á neikvæð viðbrögð að einhverju leyti.

„En það er mjög mikilvægt að hafa í huga að allt umhverfið hefur breyst mjög mikið á síðustu fimmtán árum, það er allt annað lagaumhverfi og eftirlit og vinnubrögðin eru orðin betri,“ segir Heiðrún.

„Þannig að aðstæður eru með allt öðrum hætti en svo koma upp einstök mál á markaði sem ýfa upp sárin. Það smitast á allt kerfið. Við þurfum því öll að vanda okkur og byggja upp enn frekara traust, en það tekur tíma.“





Viltu efla þína fjárhagslegu heilsu?

Kynntu þér allt um sparnað
hjá Íslandsbanka

Öflug innlend fjármálakerfi lykilatriði

Kari Olrud Moen, framkvæmdastjóri Finans Norge, segir mikilvægt fyrir efnahagslegt sjálfstæði ríkja og hagsæld að hafa öflug innlend fjármálakerfi sem geti þjónað þörfum atvinnulífs og heimila. Fjármálakerfi Noregs og Íslands eigi ýmislegt sameiginlegt þar sem bæði löndin séu hluti af fjármálakerfi í litlum, opnum löndum á norðurhara heimsins sem tekur sífelldum breytingum.

SVEINN ÓLAFUR MELSTED
sveinn@vb.is

Kari Olrud Moen er framkvæmdastjóri Finans Norge, norskra systursamtaka Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu (SFF) en hún tók við starfinu fyrir rúmu ári síðan. Hún hefur margra áratuga reynslu af störfum á fjármálamarkaði, bæði hjá hinu opinbera sem og í einkageiranum. Hún gegndi meðal annars stöðu ráðuneytisstjóra í norska fjármálaráðuneytinu í tvígang, á tímabilinu 2001-2005 og svo aftur á árunum 2020-2021. Þá sat hún í framkvæmdastjórn DNB, stærsta banka Noregs, á árunum 2006-2017 og starfaði sem ráðgjafi hjá McKinsey á árunum 1999-2001. Að auki hefur hún setið í hinum ýmsu stjórnnum, meðal annars hjá Norwegian School of Economics, Tryggingasjóði bankainnistæðna í Noregi og Summa Equity.

Norskt bankakerfi hefur sökum þessa legið undir ásökunum um að þetta sé bein afleiðing af samkeppnisskortu, m.a. frá stjórnmalafólki.

Kari Olrud Moen, framkvæmdastjóri Finans Norge

Kari heldur erindi á SFF deginum. Hún segir mikinn heiður að fá að flytja erindi á fundinum og að hafa fengið boð til Íslands í tilefni þess að 150 ár séu liðin frá upphafi innlestrar reglugerðar um fjármálafyrirtæki hér á landi. „Í erindi mínu mun ég leggja áherslu á sameiginlega sögu og hlutverk Norðmanna og Íslendinga sem samherjar í samskiptum við Evrópusambandið (ESB) í gegnum EES samstarfið. Okkar sameiginlegi ótti er að Evrópusambandið leggi minna vægi á samninginn ef EES/EFTA löndunum mistekst að halda í við



Kari Olrud Moen hefur stýrt Finans Norge, systursamtökum SFF í Noregi, í rúmt ár. Hún hefur áratuga reynslu af störfum á fjármálamarkaði.

VB MYND/KILIAN MUNCH

Um Finans Norge

- Finans Norge eru samtök fjármálafyrirtækja í Noregi sem voru sett á fót 1. janúar árið 2010 af Samtökum sparisjóða í Noregi (Sparebankforeningen) og Samtökum fjármálaíðnaðarins í Noregi (Finansnæringens Hovedorganisasjon). Þremur árum síðar gengu Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja (Finansnæringens Arbeidsgiverforening) einnig til liðs við samtökin. Aöldarfélög samtakanna eru um 336 fjármálafyrirtæki sem eru með um 46 þúsund starfsmenn á sínum snærum. Tæplega 70 manns starfa hjá Finans Norge.

þróun laga og reglugerða á vegum ESB. Það er því mikilvægt að við stöndum saman og eigum í góðu samtali um helstu stefnumál ESB.“

Eiga margt sameiginlegt

Aðspurð segir hún fjármálakerfi Noregs og Íslands eiga ýmislegt sameiginlegt. Bæði löndin séu hluti af fjármálakerfi í litlum, opnum löndum á norðurhara heimsins sem tekur sífelldum breytingum. „Landfræðileglega landanna vekur athygli margra aðila. Sem betur fer erum við bandamenn í NATO ásamt nágrönnum okkar á hinum Norðurlöndunum og getum þannig sameinað krafta okkar. Það leikur þó enginn vafi á því að staðan í alþjóðastjórnmalum muni reynast krefjandi áskorun í nútíð sem og framtíð.“

Kari segir löndin ekki síður eiga það sameiginlegt að hafa sýnt það og sannað í gegnum tíðina getu til að takast á við ýmiss konar náttúruhamfarir. „Öflugur fjármálageiri gerir þjóðunum kleift að sigrast á þessum áskorunum. Þessi aðlögunarhæfni

sem löndin hafa sýnt gerir þau einstök á heimsvísu.“

Umræðan orðin yfirvegaðri og staðreyndadrifnari

Kari bendir á að töluverð áhersla hafi verið lögð á aukna stærðarhagkvæmni í fjármálaþjónustu á heimsvísu undanfarin ár. Í Noregi hafi verið nokkuð um samruna á síðustu árum innan fjármálageirans, þá sérstaklega bankageirans. „Síðasta árið hefur umræðan í Noregi því að mestu snúist um stöðu samkeppnismála í bankageiranum,“ segir hún og bætir við:

„Þegar norskri Seðlabankinn hækkaði stýrivexti til að bregðast við vaxandi verðbólgu jukust útlánsvextir um leið og útlánavöxtur dróst saman. Sparnaður heimilanna jókst verulega í heimsfaraldrinum en innlánsvextir jukust ekki jafn hratt og útlánsvextir. Þar af leiðandi hefur arðsemi bankanna verið óvenju mikil. Norskt bankakerfi hefur sökum þessa legið undir ásökunum um að þetta sé bein afleiðing af samkeppnisskortu, m.a. frá stjórnmalafólki sem sér

þetta sem kjörið tækifæri til að þóknast almenningsálitinu.“

Aftur á móti hafi tekist að snúa umræðunni í ákjósanlegri farveg með því að benda á að á undanförunum árum hafi vaxtamunur verið sögulega lítill, markaðir verið mjög kvikir og samþjöppun lítill. „Okkar tilfinning er sú að umræðan í dag sé mun yfirvegaðri en áður og byggji í auknum mæli á staðreyndum.“

Öflug innlend fjármálakerfið skipta sköpum

Kari segir mikilvægt fyrir efnahagslegt sjálfstæði ríkja og hagsæld að hafa öflug innlend fjármálakerfi sem geti þjónað þörfum atvinnulífs og heimila. „Það skiptir sköpum fyrir ríki að hafa öflug innlend fjármálakerfi,“ segir Kari og nefnir dæmi frá heimalandinu sem endurspeglar mikilvægi öflugs innlends fjármálakerfis. „Í Noregi erum við líkt og svo mörg önnur ríki að ganga í gegnum umskipti með það að markmiði að verða kolefnishlutlaust samfélag. Fyrir hagkerfi líkt og það norska, sem er háð tekjum af olíu og gasi, er ekki hægt að fjármagna ný og sjálfbær viðskiptamódel án sterks fjármálaíðnaðar sem getur staðið af sér öll þau áföll sem við munum standa frammi fyrir í framtíðinni.“



RZ 450e 100% RAFMAGNSBÍLL

TÖLUM UM LÚXUS

Lexus RZ 450e er 100% rafmagnsbíll þar sem tækniröfur nútímans mæta áður þekktum gæðakröfum Lexus. Hljóðlátur krafturinn, snerpan og alltumlykjandi öryggið gera aksturinn að ómótstæðilegri upplifun.

Komdu í Kaupþúnið, reynsluaktu og upplifðu





Arðsemismarkmiðið er nú um 14% og tekur mið af vaxtastigi Seðlabankans. Landsbankinn og Íslandsbanki, sem ríkið á hluti í, hafa sett sér almennt markmið um 10% arðsemi á ári.

Lægri arðsemi en hærri skattlagning

Hagfræðingur SFF bendir á að arðsemi eigin fjár íslenska bankakerfisins hafi undanfarin ár verið nokkuð undir því sem almennt viðgengst bæði í öðrum Evrópuríkjum og í atvinnulífinu almennt hér á landi. Háir sértækir skattar og háar eiginfjárkröfur séu eitt af sérkennum íslenskra bankakerfisins sem auki kostnað við að veita fjármálaþjónustu.

Arðsemi íslenskra bankakerfisins hefur í þó nokkuð langan tíma verið undir meðaltali arðsemi annarra bankakerfa Evrópu. Gústaf Steingrímsson, hagfræðingur Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu, bendir á að sé einungis lítið til smærri bankakerfa Evrópu komi arðsemin á Íslandi enn verr út, en Ísland er meðal minnstu bankakerfa álfunnar. Raunarðsemi eigin fjár hefur verið einnig verið ein sú lægsta hér á landi á síðustu árum í evrópsku tilliti. Þessu til viðbótar hefur arðsemi bankanna hér á landi almennt verið undir arðsemi annars fyrirtækjareksturs hér á landi sé horft á hann í heild sinni.

Gústaf segir mikilvægt að breyta umræðuhefðinni sem gildir um íslenska banka, þó hún sé að sumu leyti skiljanleg.

Mun hærri skattbyrði en á hinum Norðurlöndunum

Gústaf bendir einnig að Ísland sé eitt Norðurlanda með þrjú sértæka viðbótarskatta á fjármálafyrirtæki en það eru bankaskattur (sem leggst á skuldir), fjársýsluskattur (ofan á launakostnað), og sérstakur fjársýsluskattur (á hagnað). Finnar hafa til að mynda enga viðbótarskatta á fjármálafyrirtæki. Svíar hafi bankaskatt á skuldir sem sé meira en helmingi lægri en íslenski bankaskatturinn. Þá séu Norðmenn og Danir með ígildi fjársýsluskatts á laun og sérstaks fjársýsluskatts á hagnað. Skattprósenta á íslensku bankanna sé hins vegar

hæst Norðurlandanna í öllum tilfellum nema að fjársýsluskatturinn er hærri í Danmörku. „Heildarniðurstaðan er að íslensku bankarnir búa við umtalsvert hærri og viðtækari skattbyrði en bankar á hinum Norðurlöndunum og að sama skapi mun hærri kröfur um eigið fé. Íslensku bankarnir standa því ekki á jafnréttisgrundvelli þegar þeir keppa við mun stærri banka á hinum Norðurlöndunum, til að mynda þegar kemur að lánum í erlendri mynt. Það stuðlar því að því að þessi starfsemi færirist að nokkru leyti út fyrir landsteinana,“ segir Gústaf.

„Hagnaður bankanna er vissulega mikill í milljörðum króna en það er að einhverju leyti að blinda fólki sýn því það gerir sjálfkrafa ráð fyrir því að svo mikill hagnaður hljóti að fela í sér óeðlilega háa arðsemi. Þvert á móti sýna tölurnar að nær væri að tala um undirmálsarðsemi í íslenska bankakerfinu. Þegar verið er að tala um bankana er sérstaklega mikilvægt að setja hagnað þeirra í samhengi við að það mikla eigið fé, sem bönkum ber skylda til að hafa, þarf að skila eðlilegri ávöxtun,“ segir Gústaf.

Í þessu sambandi skiptir máli að hér á landi gilda einhverjar ströngustu reglur um lágmarks-eiginfjárlutföll banka í heiminum. „Það þýðir að það er enn meiri áskorun fyrir eigendur íslenskra banka að fá eðlilega



Gústaf Steingrímsson, hagfræðingur Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu, segir mikilvægt að breyta umræðuhefðinni sem gildir um íslenska banka.

arðsemi á sitt eigið fé en þar sem eiginfjárkröfurnar eru lægri.“

Bankasýsla ríkisins, fyrir hönd ríkisins, setur bönkum sem ríkið fer með eignarhluti í markmið um ákveðna lágmarksarðsemi á eigið fé. Arðsemismarkmiðið er nú um 14% og

tekur mið af vaxtastigi Seðlabankans. Landsbankinn og Íslandsbanki, sem ríkið á hluti í, hafa sett sér almennt markmið um 10% arðsemi á ári.

Kröfur um lágmarks eigið fé gilda um bankarekstur um allan heim og er lykilregla til að draga úr áhættutöku og tryggja öryggi í fjármálakerfinu.

„Líta má því á eiginfjárkröfur sem ákveðna tryggingu samfélagsins til að draga úr líkum á að bankar lendi í fjárhagserfiðleikum. Þessi trygging er hins vegar, að öðru óbreyttu, greidd að hluta til af lántakendunum sjálfum í formi hærri vaxtamunar.

Rannsóknir hafa sýnt að almennt leiði hærri eiginfjárkröfur til hærri vaxtamunar, miðað við óbreytta arðsemi, þar sem eigið fé sé dýrara en önnur fjármögn-

Tryggjum öruggt samfélag

Sjóvá er aðalstyrktaraðili
Slysavarnafélagsins
Landsbjargar.


SJÓVÁ



**SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG**


Arðsemi eigin fjár banka- og viðskiptahagkerfisins

— 2016 til 2022



Meðalarðsemi eigin fjár

— hjá bankakerfum Evrópu



Arðsemi bankanna lægri en viðskiptahagkerfisins

● Sé arðsemi bankanna borin saman við annan fyrirtækjarekstur hér á landi frá er hægt að horfa til skilgreiningar Hagstofunnar á „viðskiptahagkerfinu“ sem inniheldur allan fyrirtækjarekstur hér á landi utan fjármála- og váttryggingastarfsemi. Gústaf bendir á að arðsemi viðskiptabankanna árin 2016–2022 hafi verið 8,4% en 11,7% hjá viðskiptahagkerfinu, en nýjustu tölur Hagstofunnar eru fyrir árið 2022. Því hefur arðsemi annars staðar í atvinnulífinu verið þónokkuð betri en í bankakerfinu. Ástæðan fyrir upphafspunktinum 2016 er að fram að því lituðu einskiptisliðir, sem fólust í

uppfærðu virðismati á lánasafni og annarra eigna sem bönkunum féllu í skaut eftir fjármálahrunið, afkomu þeirra. „Frá og með árinu 2016 hefur verið hægt að tala um arðsemi sem hefur ekki verið lituð sérstaklega af uppgjöri vegna hrunsins. Á því tímabili hefur arðsemi viðskiptahagkerfisins verið umtalsvert meiri en arðsemi bankakerfisins. Þá hefur arðsemi viðskiptahagkerfisins verið meiri en bankakerfisins á hverju ári af þessum sjö árum, frá 2016–2022, utan fyrsta árs faraldursins árið 2020,“ segir Gústaf.

un og ber ekki vexti. Á þetta var til að mynda benti á í *Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið* frá árinu 2018. Þar voru hærri eiginfjákröfufur og hærri sértækir skattar en viðgengst í nágrannalöndunum til viðbótar við smæð hagkerfisins og þar með íslenskra banka einu nafni nefnd „Íslands-álag“, sem sé hluti af ytri umgjörð bankakerfisins.“

Arðsemi lægri en í Evrópu

Samanburður á arðsemi eigin fjár íslenska bankakerfisins á síðustu árum sýni glögglega að

arðsemin hér á landi er undir meðaltali annars staðar í Evrópu og enn meira undir meðaltali smárra bankakerfa, en Ísland er eitt minnsta bankakerfið í Evrópu. Ef litið er til raunarðsemi eigin fjár, sem er enn betri mælikvarði en nafnarðsemi eigin fjár kemur íslenska bankakerfið enn verr út. Frá 2018–2023 var meðalraunarðsemi íslenska bankakerfisins sú fjórða lægsta af bankakerfum alls 28 Evrópulanda samkvæmt Evrópska bankaefirlitinu (EBA). „Sé horft til stærðar bankakerfa

þessara 28 landa og meðalarðsemi sést að sambandið er neikvætt, þ.e. eftir því sem bankakerfin eru minni er tilhneigingin sú að arðsemin sé meiri. Ein skýring á þessu er sú að minni bankakerfi búi við meiri áhættu en stærri bankakerfi m.a. vegna meiri einsleitni hagkerfisins og minni áhættudreifingar. Meiri áhætta í minni bankakerfum ætti því að kalla á hærri arðsemiskröfu en í stærri kerfum. Tölurnar sýna að hér á landi er þessu öfugt farið. Ísland er með eitt minnsta bankakerfi í Evrópu

”

Samanburður á arðsemi eigin fjár íslenska bankakerfisins á síðustu árum sýni glögglega að arðsemin hér á landi er undir meðaltali annars staðar í Evrópu.

en er samt með arðsemi vel undir meðallagi,“ segir Gústaf.

Ef löndunum 28 er raðað í röð eftir stærð bankakerfa og þeim skipt í tvennt var arðsemi 14 minnstu bankakerfanna að meðaltali 19,3% í fyrra en 14 stærstu 12,2% en Ísland tilheyrir fyrri flokknum. Ísland var með meðalarðsemi upp á 11,9% í fyrra og því undir meðalarðsemi bæði minnstu bankakerfanna og þeirra stærstu.

Vegin arðsemi evrópskra bankakerfa eftir stærð efnahagsreiknings var 10,6% í fyrra og arðsemin hér á landi því betri en það. Gústaf bendir á að varasamt sé að bera saman arðsemi hér á landi við vegna arðsemi í Evrópu.

„Ástæðan er þessi sterku tengsl milli arðsemi og stærðar. Stærstu bankakerfin í Evrópu eru tug- og allt upp í hundradfalt stærri en smæstu bankakerfin. Stærstu bankakerfin hafa því miklu meiri áhrif á vegna meðaltalið en litlu kerfin. Lítil arðsemi stóru kerfanna dregur því vegna meðaltalið niður frá einfalda meðaltalinu. Mikið eðlilegra er að horfa á einfalt meðaltal eða bera arðsemi hér á landi við arðsemi smæstu bankakerfanna.“

Arðsemi setji útlánagetu ekki skorður

Gústaf bendir á að afkoma íslensku bankanna nú um stundir sé þó heilt yfir í samræmi við þau markmið sem lagt hafi verið upp með, bæði af stjórnvöldum, eigendum bankanna og stjórnunum þeirra. Ekki sé langt síðan bæði matsfyrirtækin og Fjármálaefirlitið hafi litið á lága arðsemi íslensku bankanna sem sérstakan áhættuþátt í rekstrinum.

„Til lengri tíma getur lág arðsemi sett útlánagetu banka skorður og þar með getu banka til að fjármagna nauðsynlega uppbyggingu atvinnugreina og innviða, sem aftur getur staðið möguleikum til hagvaxtar og bættra lífskjara fyrir þrifum. Þetta hefur til að mynda verið mikið áhyggjuefni í mörgum Evrópuríkjum á undanföllum árum,“ segir Gústaf.

Sjálfbærni í vinnslu sjávarafurða



marel.com

TRANSFORMING FOOD PROCESSING

The Marel logo, featuring a stylized red and white 'm' followed by the word 'arel' in white lowercase letters.



Hreyfanleikinn mestur á Íslandi

Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka, segir samkeppni á fjármálamarkaði hafa aukist á undanförunum árum og að hún muni aukast enn frekar á næstu misserum.

VB MYND/EYBÖR

Samanlagður hreyfanleiki neytenda með vörur á fjármálamarkaði mælist meiri hér á landi samanborið við önnur Evrópuríki, en mælikvarðinn sýnir hlutfall þeirra sem hafa skipt um þjónustuaðila einhverrar vöru á fjármálamarkaði. Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka, segir samkeppni hafa aukist á fjármálamarkaði, en að á móti veiki núverandi regluverk samkeppnisstöðu þjóðarbúsins. Hann segir greiðustu leiðina að dreifðu eignarhaldi bankakerfisins vera sú að íslenska kauphöllin klifri upp um gæðaflokk hjá MSCI-vísitölunni.


JÓHANN ÓSKAR JÓHANSSON
johann@vb.is

Pað er mjög gaman að geta kynnt þessa könnun á SFF deginum. Hún sýnir að hreyfanleiki neytanda á fjármálamarkaði á Íslandi er mun meiri en hjá Norðurlöndunum og ESB ríkjunum,“ segir Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka. Könnunin, sem SFF lét gera í gegnum Gallup, mælir annars vegar hreyfanleika neytenda með mismunandi vörur á fjármálamarkaði, t.d. sparnað, húsnæðislán og greiðslukort, og hins vegar samanlagðan hreyfanleika. Þegar könnunin er borin saman við sambærilega könnun sem Gallup gerði fyrir Evrópuráðið, má sjá að hreyfanleikinn er

Hreyfanleiki neytenda

— hlutfall neytenda sem hafa skipt um þjónustuaðila á síðustu fimm árum

Heimild:



mun meiri á íslenskum fjármálamarkaði. Samanlagður hreyfanleiki neytenda mælir hlutfall þeirra sem hafa skipt um þjónustuaðila einhverrar vöru á fjármálamarkaði.

Þannig kemur m.a. fram

að samanlagður hreyfanleiki neytenda með vörur á fjármálamarkaði, þ.e. sparnað, húsnæðislán og greiðslukort, mælist 48% á síðustu fimm árum hér á landi. Til samanburðar mælist hann innan 29% í ESB

löndunum og 31% hjá Norðurlandabjórðunum. Þegar litið er til einstakra vara á fjármálamarkaði má sjá að hreyfanleiki íslenskra neytenda mælist 21% bæði með sparnaðarreikninga og greiðslukort. Á sama tíma





Framúrskarandi árangur í þágu viðskiptavina

Eignastýring, markaðsviðskipti
og fyrirtækjaráðgjöf.


er meðalhreyfanleiki neytenda í ESB ríkjunum 13% með sparnaðarreikninga og 15% með greiðslukort. Þá mælist einnig mikill munur á hreyfanleika á húsnæðislánum, þar sem 17% þeirra sem svöruðu könnuninni hér á landi sögðust hafa skipt um þjónustuaðila samanborið við 11% hjá ESB ríkjum.

„Við sjáum að hreyfanleiki er mun meiri á húsnæðislánum hér á landi en hjá ESB ríkjunum. Það er eitthvað sem neytendur hér ættu að geta tengt við. Endurfjármögnun er að gerast með mun styttri tíma en áður og fólk fer einfaldlega þangað þar sem kjörin eru best. En hreyfanleikinn er líka mikill á sparnaðarreikningum og greiðslukortum.“

Samkeppni á fjármálamarkaði aukist

Ýmislegt hefur verið gert á síðustu árum til að draga úr skiptikostnaði viðskiptavina bankanna og efla samkeppni á fjármálamarkaði. Þar má nefna afnám hlutfallslegra lántökugjalda á húsnæðislánum, afnám stimpilgjalda á lánasamningum og takmörkun á uppgreiðslugjöldum.

„Þetta er allt liður í því að samkeppni á fjármálamarkaði hefur aukist. Hún mun bara aukast meira með PSD2 reglugerðinni og þeim fjartæknifyrirtækjum hér á landi sem í auknum mæli bjóða upp á fjölbreytta þjónustu. Slík fyrirtæki hafa nú þegar haslað sér völl með greiðslukort og sparnaðarreikninga og það er frábært að mínu mati að fá aukna samkeppni á markaðnum.“



Mikilvægi öflugra fjármálafyrirtækja

● Benedikt segist spennur fyrir SFF deginum og nefnir sérstaklega erindi Kari Olrud Moen, framkvæmdastjóra Finans Norge, systursamtaka SFF í Noregi. Kari hefur áratuga reynslu af störfum á fjármálamarkaði, bæði hjá hinu opinbera sem og í einkageiranum. Þannig sat hún m.a. í framkvæmdastjórn DNB, stærsta banka Noregs, á árunum 2006-2017. „Hún mun tala um mikilvægi öflugra fjármálafyrirtækja fyrir hagkerfi eins og Noreg sem er með eigin gjaldmiðil, sérstaklega þegar kemur að samkeppnishæfni þeirra gagnvart öðrum löndum. Það hefur verið gaman að fylgjast með DNB, sem hefur eflst hvað mest af bönkum á Norðurlöndum á síðustu 10-15 árum. Það er ekki langt síðan markaðsvirði þeirra var töluvert lægra en markaðsvirði sænsku bankanna og þeir fóru markvisst í það verkefni að efla rekstur DNB út frá samkeppnisstöðunni,” segir Benedikt. DNB hefur lengi vel verið í um 35% ríkiseigu, en er á sama tíma skráður á markað. Eigendastefna íslenska ríkisins er um margt sambærileg, þ.e. að það muni halda 40% hlut í Landsbanknum til lengri tíma á meðan eftirstandandi hlutur er seldur til fjárfesta. Benedikt segir það skynsamlega stefnu, en að það þurfi að gera hlutina í skrefum.

heimila og fyrirtækja. „Ef við búum þannig um hnútana að það er dýrara að veita þessa þjónustu á Íslandi, út frá skattlagningu, eiginfjárkröfum og meira regluverki, þá hefur það áhrif á viðskiptavinum okkar, heimili og fyrirtæki, og veikir samkeppnisstöðu þjóðarbúsins, enda eru íslensk fyrirtæki að keppa á alþjóðlegum mörkuðum, til að mynda er ferðaþjónustan að keppa við ferðaþjónustu í öðrum löndum.“

Uppfærsla hjá MSCI leiði til dreifðara eignarhalds

Lengi hefur verið talað fyrir því að íslensku bankarnir séu undir dreifðu eignarhaldi, erlendu sem og innlendu, m.a. til að auka áhættudreifingu. Benedikt nefnir að vísasta leiðin til að ná fram dreifðu eignarhaldi sé að íslenska kauphöllin klifri upp um gæðaflokk hjá MSCI-vísitölunni, í flokk nýmarkaðsríkja (secondary emerging markets), en íslenska kauphöllin hefur verið í flokki vaxtarmarkaða hjá MSCI frá því í lok árs 2021. Til að íslenska kauphöllin geti uppfyllt kröfur MSCI þurfi fleiri stór félög að vera á markaðnum.

„Það væri auðvitað frábært að sjá okkur klifra upp vísitölu MCI sem myndi gera erlendu- og fjárfestum betri kost á að koma inn og fjárfesta í íslenskum félögum. Við sjáum að meira að segja svæðisbundnir bandar á Norðurlöndunum eru með 35-40% erlent eignarhald frá alþjóðlegum hlutabréfasjóðum. Ef við viljum ná fram dreifðu eignarhald á bönkum hér á landi, sem ég tel að væri jákvætt, þá væri hjálplegt að skrá fleiri stór félög, t.d. Landsbankann, í kauphöllina því það myndi greiða leiðina að þessum breiðu vísitölum.“

undir núverandi eiginfjárkröfum og regluverki.

„Við höfum endurreist mjög öflugt fjármálakerfi en eiginfjárkröfur eru hærra hér en í löndunum í kringum okkur vegna meiri einsleitni hagkerfisins. Það er áskorun að reka fjármálakerfið á svona háum kröfum og íþyngjandi regluverki. En regluverkið er oft á tíðum hugsað fyrir fyrirtæki sem starfa þvert yfir landamæri, en á engu að síður við um okkur líka.“

Meðalvaxtamunur íslensku bankanna er um 3% á meðan meðalvaxtamunur norrænu bankanna er 1,4%. Það skýrist annars vegar af hærra skatthlutfalli, sem er rúmlega 27% hjá íslensku bönkunum en 21,5% hjá norrænu bönkunum, og hins vegar af hærra eiginfjárkröfum. Til viðbótar við eiginfjárkröfur hafa reglur um vogunarlutfall gert það að verkum að erfiðara er ná fram ásætlanlegri arðsemi. Vogunarlutfall íslensku bankanna er á bilinu 12,4 til 13,6 prósent. Sambærilegt hlutfall er að meðaltali 5,6% hjá norrænu

bönkunum, en því hærra sem hlutfallið er, því lægri er skuldsättning bankans.

„Það er hlutfallslega tvisvar til þrisvar sinnum meira eigið fé bundið í bankarekstri hér á landi samanborið við á Norðurlöndunum. Til að þú getir skilað sambærilegri arðsemi hér og á Norðurlöndunum þá þarftu einfaldlega meiri vaxtamun. Reyndar er arðsemi norrænu bankanna orðin talsvert hærra en hér á landi. Það er m.a. út af því að vextir á sparnaðarreikningum þar hafa ekki fylgt stýrivaxtabreytingum að sama marki og þeir hafa gert á Íslandi. Hér á landi er fylgni sparnaðarvaxta og stýrivaxta með því hæsta í Evrópu, sem sýnir um leið þá virku samkeppni sem er á íslenska markaðnum. Á sama tíma er þessi fylgni 70% í Svíþjóð og enn lægri í öðrum Evrópuríkjum.“

Benedikt segir núverandi regluverk veikja samkeppnisstöðu þjóðarbúsins. Ef því yrði breytt, svo að það líkist meira því sem gengur og gerist í nágrannalöndunum, myndi það bæta kjör



Ef við viljum ná fram dreifðu eignarhald á bönkum hér á landi, sem ég tel að væri jákvætt, þá væri hjálplegt að skrá fleiri stór félög, t.d. Landsbankann, í kauphöllina því það myndi greiða leiðina að þessum breiðu vísitölum.

Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka

Íþyngjandi regluverk stuðlar að hærra vaxtamun

„Kerfislega mikilvægu bankarnir þrír lúta að mörgu leyti sama regluverki og stærri fjármálafyrirtæki í Evrópu og þetta er mikil áskorun. Svo er það gullhúðunin, sem felst í íþyngjandi séríslenskum innleiðingum á evrópska regluverkinu. Til dæmis voru í fyrra 70 laga- eða reglubreytingar á fjármálafyrirtæki, sem gerir meira en eina breytingu á viku,” segir Benedikt og bætir við að það sé mikil áskorun að reka fjármálakerfið

NÝR

X5

50e



Plug in Hybrid. Meira afl, meiri drægni.
489 hö. og 101 km drægni.*

4 ÁRA ÁBYRGÐ

Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.bmw.is



Skoða lager

BL ehf.
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



*Uppgáfer tölur um drægni, tekið mið af nýjum WLTP-prófunum. Akstursþyngni, hlutfæði og ástænda vegir hafa áhrif á drægni. Drægni er háð.

Fjármálakerfið gerbreyst á innan við hálfri öld

Frá því að Friðbert Traustason formaður SSF hóf störf innan fjármálakerfisins hér á landi fyrir tæpri hálfri öld hefur þar átt sér stað slík umbylting á starfsskyldum nánast allra starfsmanna, að í raun er lítið sem ekkert eftir af því fjármálakerfi sem þá var hér starfandi. Friðbert tók sjálfur þátt í að nútímavæða kerfið á sínum tíma.

JÚLÍUS ÞÓR HALLDÓRSSON
julius@vb.is

Friðbert Traustason hefur starfað innan íslenska fjármálakerfisins síðan árið 1978, en hann hefur í seinni tíð verið best þekktur sem formaður Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja – sem áður hétu Samband íslenskra bankamanna – enda gegnt þeirri stöðu frá því á síðustu öld.

Á hartnær hálfri öld Friðberts innan fjármálakerfisins hefur það gengið í gegn um slík hamskipti að lítið sem ekkert er lengur eftir af þeirri starfsemi sem meginþorri starfsmanna þess sinni þegar hann byrjaði hjá Reiknistofu bankanna (RB).

„Ég var ráðinn þangað sem kerfisfræðingur og forritari, en til að byrja með var eini tilgangur Reiknistofunnar að koma í veg fyrir svokallaðar ávísana-keðjur sem hér tröllriðu öllu á þeim tíma,“ útskýrir Friðbert og nefnir á nafn í því sambandi mann sem helst minnir blaðamann á útlaga í Lukku Lákasögunum sigildu.

„Batti Rauði var sá frægasti til að nota slíkar keðjur. Menn gáfu út ávísanir einhversstaðar úti á landi og keyptu fyrir þær eitt og annað, en síðan tók það kerfið viku og jafnvel upp í tíu daga að sannreyna (e. clear) þessar ávísanir. Þá fyrst kom í ljós hvort innistæða hefði verið fyrir þeim.“

Tóku sér óbeint

peningarentunarvald

Ferlið fól þá í sér mikla handavinnu á öllum stigum þess. „Ávísanir þurftu að fara í gegn um viðkomandi banka, seðlabankann og útibúin, og loks skila sér aftur í upprunaútibúið. Þá fyrst fékkst niðurstaða um heimildina.“

Í raun má segja að með þessum hætti hafi ákveðnir aðilar



Friðbert Traustason hefur unnið í fjármálageiranum í 46 ár, lengst af sem formaður Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja.

VB MYND/ADSEND

tekið sér það vald að prenta peninga, þótt skammlífir væru, sem síðan dreifðust um þjóðfélagið þar til tekist hafði að uppræta þá.

„Þetta var orðið mikið vandamál, og því var loks ákveðið að leysa þetta í eitt skipti fyrir öll.“

Miklar vélar voru keyptar til að lesa ávísanir, sem öllum skyldi nú skilað inn til Reiknistofunnar þar sem þær voru keyrðar gegn um kerfið og svo skilað 1-2 dögum seinna aftur á sinn stað.

„Þar með hafði tekist að gera ávísana-keðjuna margfalt styttri, og það fyrir allar ávísanir, fyrst allra landa,“ segir Friðbert og útskýrir að þótt byggt hafi verið á erlendri fyrirmynd hafi kerfið verið einstakt á heimsvísu í því að tengja saman allt bankakerfið.

„Allt þurfti að keyra að nóttu til“

Í framhaldinu var svo farið að skrifa flóknari og afkastameiri tölvukerfi sem með tíð og tíma tóku loks við af þeirri gríðarlegu handavinnu – ekki aðeins við afgreiðslu ávísana heldur á öllum sviðum bankaviðskipta – sem fram að þeim tíma hafði verið eitt af helstu viðfangsefnum fjármálakerfisins.

„Innlánsreikningar, víxlar, skuldabréf... nefndu það bara. Allt þurfti að keyra að nóttu til. Útkoman var svo prentuð á langa græna og hvíta lista, sem margir kannast eflaust við, sem

11%

Árið 1990 höfðu 11% starfsmanna fjármálafyrirtækja lokið háskólamenntun, en í dag er hlutfallið 80%.

fólk vann svo við að yfirfara á hverjum morgni. Sannarlega fólst í þessu mikil einföldun frá fyrra verklagi þótt þetta kunni að hljóma þunglamalegt í samamburði við það sem við þekkjum í dag.“

Þótt hinar völdugu nýju vélar hafi þannig létt undir og flýtt fyrir með því að taka að sér að skrásetja allan þann aragrúa færslna, staða, uppgjöra og flæðistærða sem í bankastarfsemi fólust, hvelfdust daglegu verkefni innan bankakerfisins þó eftir sem áður að uppistöðu

til um það sem kalla mætti einfalda gagnavinnslu, sem er orðin að langmestu leyti rafræn í dag.

„Það var áfram rosaleg pappírsvinna í kring um þetta, en þetta var mikilvæg varða á þeirri vegferð sem leiddi okkur að því sem við eigum að venjast í dag. Sú vegferð hefur haldið ótraud áfram allar götur síðan eins og við þekkjum,“ segir Friðbert.

Flest allt sem snúi að viðskiptavinum bankanna sé nú orðið rafrænt og störfin þar gjörbreytt. Sérfræðingar á öllum sviðum tækni og viðskipta geri viðskiptavinum mögulegt að afgreiða sig sjálfir, og það á mettíma.

„Árið 1990 voru 11% starfsmanna fjármálafyrirtækja með háskólamenntun. Í dag eru það tæp 80%. Sérfræðingar í fjármálum og tækni eru heilinn á bak við þessa þróun fjármálakerfisins, og verða það áfram um ókomna tíð,“ segir hann að lokum.

Kröfupotturinn einstakur á heimsvísu

- „Þetta þótti mjög einstakt, og þykir raunar að hluta til enn þann dag í dag,“ segir Friðbert um samkeyrslu alls bankakerfisins hér á landi og tekur dæmi af hinum svokallaða *kröfupotti*. „Það er sama hver er að stofna á þig kröfur eða þú á hvern, þú getur bara gengið frá því í heimabankanum sama hvar þú ert í viðskiptum. Þetta er enn ekki veruleikinn víðast hvar erlendis, þar er almennt engin svona samkeyrsla milli banka, nema þá helst á Norðurlöndunum.“

ÞÚ ERT ALLTAF Í
1. SÆTI
HJÁ OKKUR



Við látum þig ekki bíða, því þín viðskipti skipta okkur máli.
Hafðu samband við þinn þjónustufulltrúa og fáðu ráðgjöf.

 **SPARISJÓÐURINN**
– fyrir þig og þína

www.spar.is

Gullhúðun og völundarhús

SFF birtu nýlega lista yfir 24 dæmi um íþyngjandi gullhúðun EES-reglna tengd fjármálamörkuðum hér á landi. Yfirlögfræðingur SFF segir dæmi um að íþyngjandi íslenskar sérreglur með óljósan ábata bitni bæði á fjármálafyrirtækjum og viðskiptavinum þeirra. Dr. Margrét Einarsdóttir lagaprófessor segir miklu skipta að ætli stjórnvöld að gullhúða EES-reglur sé upplýst um það með skýrum hætti. Því miður séu dæmi um að slíkt hafi ekki verið gert.

Nokkuð hefur verið fjallað um hugtakið gullhúðun EES-reglna, sem stundum er nefnd blýhúðun. Þar er átt við að stjórnvöld gangi lengra við innleiðingu EES-gerða en lágmarkskröfur EES-samningsins kveða á um. Niðurstaðan getur verið íþyngjandi innlendar reglur umfram það sem viðgengst annars staðar á EES-svæðinu sem er hætt við að komi niður á samkeppnishæfni Íslands.

Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu (SFF) skiluðu nýlega inn 24 ábendingum til starfshóps utanríkisráðherra sem nú er að störfum og ætlað er að vinna gegn gullhúðun EES-reglna hér á landi. Ekki var um tæmandi lista að ræða. Þá var bent á í umsögn SFF að gengið hefði verið lengra með íþyngjandi lögum og reglum á fleiri sviðum gagnvart fjármálastarfsemi en EES-samningurinn næði yfir, svo sem í hærri sér-tækum sköttum á fjármálafyrirtæki hér á landi en í nágrannaríkjunum.

Umfang reglna

margfaldast á síðustu árum

Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur SFF, bendir á að umfang EES-reglna sem tengjast fjármálamörkuðum hefur aukist stórkostlega á undanfórnum árum en í ár eru 30 ár síðan EES-samningurinn tók gildi. Fram hafi komið af hálfu fjármála- og efnahagsráðuneytisins að Evrópureglur tengdar fjármálamörkuðum sem voru innleiddar í EES-samninginn á árunum 2018 til 2023 hafi verið nærri 700 eða um 140 á ári að jafnaði. Til samanburðar voru slíkar innleiðingar tengdar fjármálamörkuðum 196 frá gildistöku EES-samningsins árið 1994 til ársins 2018 eða innan við tíu á ári að jafnaði. Þá séu nokkur stór innleiðingarmál tengd fjármálamörkuðum framundan hér á landi á næstu árum.

„Það útheimtir umtalsverðan kostnað og fyrirhöfn fyrir fjármálafyrirtæki að kortleggja þetta völundarhús regluverks-



Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur SFF, nefnir kröfu um bæði greiðslumat og lánsþæfismat á lántaka sem dæmi um íþyngjandi innlenda gullhúðun sem býr til flækjustig og óhagræði fyrir viðskiptavinum þegar þeir taka lán.



Dr. Margrét Einarsdóttir lagaprófessor telur brýnt að stjórnvöld greini með skýrum hætti frá því þegar til standi að beita gullhúðun við innleiðingu EES-reglna.

ins og það bitnar ekki síður á viðskiptavinum þegar þeir sækja sér fjármálaþjónustu. Smæð íslenska hagkerfisins leiðir af sér að íslensk fjármálafyrirtæki eru einnig afar smá í evrópskum samanburði. Þess vegna þarf að passa að íþyngja þeim ekki meira en nauðsyn krefur þegar kemur að innleiðingu regluverks frá Evrópu,“ segir Jóna Björk. Hún nefnir einnig að vandamál



Umfang EES-reglna á fjármálamörkuðum hefur aukist stórkostlega síðustu ár.

tengd flóknu lagaumhverfi séu ekki séríslensk. Yfirmenn fjármálaeftirlita á hinum Norðurlöndunum hafi fyrir nokkrum árum varað við umfangi og flækjustigi evrópska regluverksins tengdu fjármálamörkuðum. Umfangið sé orðið slíkt að hætt

sé við því að tilgangur reglnanna gleymist. Hér á landi sé umfang regluverksins og fjöldi innleiðinga áskorun fyrir bæði innlend fjármálafyrirtæki og stjórnvöld og eftirlitsaðila sökum smæðar landsins. Því sé enn brýnna en ella að ganga ekki

Flækjustigið sjálfstæður áhættuþáttur

- Jóna Björk segir að ýmsar ástæður geti verið fyrir gullhúðun. Í sumum tilfellum sé það ætluð stjórnvalda að ganga lengra en EES-samningurinn kveður á um og það geti verið réttlætlegt vegna sérstakra aðstæðna, en í öðrum tilfellum liggi ekki ljóst fyrir hvers vegna stífari leið sé valin og hvort það hafi raunverulega verið vilji löggjafans. Jóna Björk nefnir sem dæmi strangari reglur um varnir gegn peningabætti. „Lög um varnir gegn peningabætti eru í ýmsum atriðum strangari en EES-reglur segja til um án þess að það hafi verið rökstutt af hverju Ísland þurfi að vera með strangari reglur. Þetta býr til auknið flækjustig

sem skapar ákveðna áhættu í kerfinu auk viðbótarkostnaðar,“ segir Jóna Björk. „Þá er gengið lengra hér á landi en EES-löggjöf mælir fyrir um hvað varðar skoðun á fjárhag lántaka áður en lán er veitt og þess krafist að gert sé bæði greiðslumat og lánsþæfismat á lántaka. Það býr til flækjustig og óhagræði fyrir viðskiptavinum þegar þeir taka lán. Einnig er afar langt gengið í takmörkunum á heimildum fjármálafyrirtækja til að greiða starfsmönnum sínum kaupauka og hefur það áhrif á rekstrarskiyrði bæði stærri og minni fjármálafyrirtækja. Það dregur úr sveigjanleika þeirra og þar með samkeppnishæfni.“

regluverksins



24

SFF skiluðu nýlega inn 24 dæmum til starfshóps utanríkisráðherra, sem nú er að störfum og ætlað er að vinna gegn gullhúðun EES-reglna hér á landi.

lengra en nauðsyn krefur við lagasetningu og innleiðingar.

Fagnaðarefni ef undið verði ofan af íþyngjandi gullhúðun
Jóna Björk segir að fagnaðarefni sé að stjórnvöld sýni því áhuga að vinda ofan af íþyngjandi gullhúðun EES-reglna og nefnir starfshóp utanríkisráðherra um aðgerðir gegn slíku. „Mikilvægt er að vel takist til í þeim efnum. Annars vegar þarf að horfa til þess að nýta undanþáguheimildir þar sem það er mögulegt og hins vegar einfalda þær reglur sem fyrir eru þar sem það er mögulegt.“

Greina þurfi frá gullhúðun með skýrum hætti

Dr. Margrét Einarsdóttir, laga- prófessor við Háskólann í Reykjavík, á sæti í umræddum starfshópi utanríkisráðherra um aðgerðir gegn gullhúðun EES-regluverks. „Gullhúðun getur verið íþyngjandi fyrir einstaklinga og lögaðila en hún getur einnig verið til hagsbóta og átt fullan rétt á sér,“ segir Margrét.

„Það skiptir höfuðmáli þegar kemur að gullhúðun að alþingismenn og hagsmunaaðilar séu upplýstir um það ef ætlunin er að gera meiri kröfur í innleiðingarlaggjöfnni en leiðir af lágmarkskröfum viðkomandi EES-gerðar,“ segir Margrét.

Margrét bendir á að skýrt sé kveðið á um í lögum um þingsköp Alþingis, reglum um þinglega meðferð EES-mála og samþykktum ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa að tilgreina eigi áform um gullhúðun. „Þegar í frumvörpum eru gerðar ríkari kröfur en leiðir af lágmarkskröfum viðkomandi EES-löggjafar á að tilgreina það sérstaklega og rökstyðja,“ bendir Margrét á. Fyrr á árinu var birt

EES-samningurinn mikilvægur

● Jóna Björk segir þó rétt að halda því til haga að aðgengi að innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins í gegnum EES-samninginn hafi skiptu miklu fyrir íslenskt efnahagslíf. „EES-samningurinn er að mörgu leyti lífæð fyrir íslenska fjármálamarkaðinn því að með honum fær innlendir fjármálamarkaður staðfestingu á því að hann starfi eftir alþjóðlega viðurkenndri umgjörð. Með því fæst traust á starfsumhverfi íslenskra fjármálafyrirtækja og það getur opnað fyrir aðgang að stærri mörkuðum, t.d. fyrir útgefendur verðbréfa, milliliði og fjárfesta hér á landi. Um leið getur það greitt fyrir aðgengi erlendra þátttakenda að íslenskum markaði en það stuðlar að heilbrigðri samkeppni hér á landi og eykur viðskiptatækifæri,“ segir Jóna Björk.

skýrsla eftir Margréti um umfang gullhúðunar á mál-efnasviði umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins árin 2010 til 2022. „Sú rannsókn leiddi í ljós að misbrestur er á að framangreindar kröfur séu uppfylltar. Í skýrslunni er mælt með að ávallt eigi að vera sérstakur kafli í greinargerð innleiðingarfrumvarpa þar sem greint verði frá því *hvert* í frumvarpinu séu gerðar frekari kröfur en nauðsynlegt er og ef um slíkt er að ræða rökstutt *hvers vegna* hafi verið ákveðið að fara þá leið,“ segir Margrét.

Mikilvægt sé að þeir sem ætlað er að rýna lagafrumvörp eins og stjórnáráðgjafi og aðrir hogaðilar geti með lítilli vinnu og fyrirhöfn nálgast upplýsingar um hvort um gullhúðun sé að ræða, ásamt rökstuðningi fyrir því hvers vegna sú leið sé farin.

Allmörg dæmi um dulda gullhúðun

Margrét segir að sambærileg rannsókn hafi ekki verið unnin með kerfisbundnum hætti á öðrum sviðum en engu að síður séu líkur á að þar sé að finna sambærileg vandamál, þó að óljóst sé í hversu ríku mæli. Starfshópur utanríkisráðherra um aðgerðir gegn gullhúðun fékk nýverið þrettán umsagnir með ábendingum um gullhúðun á Íslandi, þar á meðal frá SFF. „Í umsógnunum eru reifuð allmörg tilvik um gullhúðun og í sumum þeirra eru framangreindar kröfur um tilgreiningu og rökstuðning fyrir gullhúðun ekki uppfylltar,“ segir Margrét.

Margrét ítrekar að gullhúðun sé heimil samkvæmt íslenskum lögum og reglum og geti vel átt rétt á sér.

„Það er hins vegar ekki ásættanlegt að gullhúðun sé beitt án þess að fjallað sé um það með skýrum hætti í lagafrumvörpum og undirbúningsgögnum löggjafar og að ákvörðun um að gera frekari kröfur en nauðsynlegt er sé rökstudd og eftir atvikum kostnaðarmetin,“ segir Margrét.



EFTA House, nýjar höfuðstöðvar Fríverslunarsamtaka Evrópu í Brussel, voru opnaðar formlega í lok maí árið 2022.

VB MYNDI/ADSEND

Fjármálalæsi er jafnrétti fyrir alla

”

Frá 2015 til 2020 heimsóttum við markvisst 80-90% af öllum grunnskólum landsins og mættum með fræðslufni fyrir 10. bekk.

Kristín Lúðvíksdóttir,
verkefnastjóri Fjármálavits

Fræðsluvettvangurinn Fjármálavit hefur haldið utan um svokallaða Fjármálaleika frá árinu 2018 en þar fá grunnskólanemar tækifæri til að nýta þekkingu sína í fjármálum. Vogaskóli bar sigur af hólmi í ár og segir verkefnastjóri að slík fræðsla eigi bæði heima innan veggja skólans og að kallað sé eftir henni.

HELGI STEINAR GUNNLAUGSSON
helgi@vb.is

Fjármálaleikarnir 2024 fóru fram í marsmánuði en það voru nemendur í 10. bekk Vogaskóla sem fóru með sigur af hólmi í þessari árlegu landskeppni grunnskóla í fjármálalæsi. Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, afhenti nemendum skólans verðlaun fyrir árangurinn.

Nemendur um allt land svörðu 48 fjölbreyttum spurningum í netleik sem hannaður var með þekkingarramma PISA í huga. Spurningarnar snerust meðal annars um vexti á lánum og sparnað, um hvað tryggingar snúast, lífeyrismál, skyldur á vinnumarkaði og lykilhugtök í rekstri heimilis.

Metþátttaka var í ár en hátt í 1.800 nemendur frá 55 grunnskólum víðs vegar um landið tóku þátt í keppninni sem haldin var í sjöunda sinn. Tveir fulltrúar frá Vogaskóla munu svo halda til Brussel í vor til að taka þátt í Evrópukeppninni í fjármálalæsi.

Fræðsluvettvangurinn Fjármálavit, sem Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu (SFF) halda úti í samstarfi við Landssamtök lífeyrissjóða, heldur Fjármálaleikana ár hvert. Kristín Lúðvíksdóttir, verkefnastjóri Fjármálavits, segir að leikarnir hafi gengið ótrúlega vel alveg frá því að þeir voru fyrst haldnir árið 2018. Bæði kennarar og nemendur hafi kallað eftir fræðslunni og taki efninu fagnandi.

„Kennarar segja að þegar kemur að fjármálalæsi þá séu það oft ólíklegustu nemendur sem sýna áhuga. Sumir sem hafa kannski lítinn áhuga á öðrum fögum bretta bara upp ermar þegar kemur að þessu og sjá kennarar allt aðra hlið á þeim,“ segir Kristín.

Gallup gerði könnun fyrir SFF



Kristín segir að það séu jafnvel ólíklegustu nemendur sem sýni fjármálalæsi mikinn áhuga.

sem birt var í janúar en þar kom í ljós að flestir sögðust hafa lært fjármálalæsi frá foreldrum sínum og svo á netinu, samfélagsmiðlum eða í gegnum fjölmiðla. Þegar hins vegar var spurt hvar fólk teldi að helst ætti að kenna fjármálalæsi nefndu flestir grunn- og framhaldsskóla. Þá sögðu um 90% aðspurðra að þau hefðu viljað læra meira um fjármál í grunnskóla.

„Þetta er jafnrétti barna og það eru ekki endilega öll börn sem búa svo vel við það að eiga foreldra eða einhverja heima sem geta rætt þessi mál við þau. Fólk er með alls konar bakgrunn og þess vegna á þetta 150% heima innan veggja skólanna.“

Kristín segir að á árunum eftir hrun hafi bankar og fjármálafyrirtæki byrjað að horfa meira inn á við og talið að stuðla þyrfti betur að bættu fjármálalæsi ungs fólks.

Árið 2011 áttu svo SFF frumkvæði að því að stýrihópi um málið var komið á fót hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Hópurinn skilaði skýrslu sem sagði að þörf væri á að efla fjármálalæsi í skólakerfinu og hafa bæði nemendur og kennarar fengið aukna fræðslu í þeim efnum. Þessi vinna hafi orðið kveikjan að því að Fjármálavit var komið á fót.

Á síðustu árum hafa verið gefnar 17.000 bækur í 193 grunn- og framhaldsskólum og hafa yfir 300 kennarar skráð sig á stafrænt námskeið um kennslu í fjármálalæsi.

„Frá 2015 til 2020 heimsóttum við markvisst 80-90% af

öllum grunnskólum landsins og mættum með fræðslufni fyrir 10. bekk. Þetta var gert með því að efla starfsfólk fjármálafyrirtækja og árið 2017 komu lífeyrissjóðirnir í þetta með okkur. Nú er áherslan í starfsemi Fjármálavits fyrst og fremst að styðja kennara sem hafa áhuga á að kenna fjármálalæsi, til að mynda í gegnum kennaranámsskeið og frítt námsefni eins og námsbækur sem unnið er af óháðum aðilum.“

Kristín segir að þekking á fjármálalæsi sé eitthvað sem allir þurfi að hafa þegar farið er út á vinnumarkaðinn. Allir þurfi að skilja launaseðla, húsnæðismarkaðinn, lántökur, lífeyrissjóði og fleira. Slík fræðsla sé í raun forvarnafræðsla, rétt eins og forvarnafræðsla með fíkniefni, þar sem reynt er að forða ungu fólki frá því að lenda í skuldavanda.

„Það sem skiptir máli er að kenna ungu fólki að vera vel upplýst og að taka réttar ákvarðanir. Enda er það gott fyrir fjármálafyrirtæki að eiga vel upplýsta viðskiptavin.“



Bæði nemendur og kennarar hafa kallað eftir fjármálalæsi í mörg ár.



Vogaskóli hreppi fyrsta sætið á Fjármálaleikunum 2024.



HJÁ ÍSRÖR FÆRÐU INNTAKSPÉTTI

FRÁ KRASO[®]
EINFACH+DICHT

NÝTT



VERK UNNIÐ Á ÍSLANDI INNTAKSPÉTTI
OPIN OG SETT EFTIRÁ

INNTAKSPÉTTI FYRIR
KJARNABORAÐ OG RÖR



FJÖLPÉTTI
FYRIR STRENGI.

INNTAKSPÉTTI FYRIR BROTIN
EÐA ÓREGLELEG GÖT


NÝ GERÐ HITAVEITURÖRA HJÁ ÍSRÖR

FIBREFLEX 10 BAR OG 16 BAR

- FIBREFLEX RÖR FÁST Í RÚLLUM 25 – 160 MM
- MEIRA HITAPÓL, VINNSLUHITI UPP Í 95°
- FIBREFLEX NÚ FÁANLEGT Í RÚLLUM 25 – 160 MM
- PE KÁPA RIFFLUÐ

RK Radius - Kelit
Infrastructure

FIBREFLEX PIPE
CONSTRUCTION



NÝTT

HRINGHELLA 12 | 221 HAFNAFJÖRÐUR | SÍMI 565 1489
FARSÍMI 894 5955 | ISROR@ISROR.IS | WWW.ISROR.IS

ÍSRÖR

Forsenda hagsældar

Skilvirkt, öruggt og samkeppnishæft fjármálakerfi er ein af lykilforsendum hagsældar. Á þessum vettvangi þarf ekki að tíunda hvers vegna. Dæmin eru þó skýr. Þegar fjármálakerfið bregst, líkt og árið 2008, er það sársaukafullt og þegar það er laskað, eins og árin á eftir, stendur það í vegi viðspyrnu. Þegar fjármálakerfið er aftur á móti vel rekið og fjármagnað, eins og er greinilegt síðustu ár, skiptir það sköpum fyrir hagsæld og stuðlar að batnandi hagheimila og fyrirtækja.

Samofið framförum

Reynsla síðustu ára er ekki einstök og er í raun reynsla allrar hagsögu Íslands. Framganga fjármálaþjónustu hefur verið samofin því að Ísland náði á einni öld að komast úr lífskjörum sem í dag finnast nær eingöngu í Afríku sunnan Sahara. Það er hvergi jafn augljóst og við stofnun Íslandsbanka 1904 sem gegndi lykilhlutverki í iðnvæðingu sjávarútvegs. Óhugsandi er að ímynda sér allar sambærilegar framfarir síðustu áratuga án skilvirkar fjármálalegrar milligöngu þar sem sparnaður landsmanna mætir metnaðarfullum og framsýnum hugmyndum og fjármagnar verðmætar fjárfestingar til langs tíma.

Enginn vafi er á því að útsjónarsemi og hæfni, auk mikilvægra lærdóma af sögunni, eru forsenda þess að fjármálakerfinu hefur almennt vegnað vel á síðustu árum. Það er nefnilega ekki sjálfsgætt að hagkerfið fari í djúpa niðursveiflu eins og árið 2020 þar sem fjármálakerfið, studdi við viðspyrnuna og komst vel út úr niðursveiflunni, þótt meginþungi stuðnings á þeim tíma hafi verið í formi aðgerða stjórnvalda sem var mögulegt vegna sterkrar stöðu ríkisfjármála. Því má líka þakka að stjórnvöld hafa styrkt alla umgjörð í kringum fjármálakerfið og fjármálastöðugleika, t.d. með sameiningu FME og Seðlabankans.

Við höfum lækkað álögur með lækkun bankaskatts, sem hefur leyst aukna krafta úr læðingi, þrátt fyrir að hér séu skattar á fjármálafyrirtæki hærri en í samkeppnislöndum okkar. Nýjasta skýrsla Fjármálastöðugleika Seðlabankans ber þess vitni að kerfið stendur vel og



að staða stóru viðskiptabankanna er sterk. Það er ánægjulegt og gríðarlega mikilvægt þegar ýmsar ógnir, hér og erlendis, standa fyrir dyrum.

Hlúum að samkeppni

Samkeppni er mikilvæg í öllum atvinnugreinum. Ég legg til dæmis mikla áherslu á að sérstaklega sé hlúð að samkeppni á orkumarkaði, þar sem ríkið er langstærsti eigandinn og leikandinn. Mikilvægi frjálsrar samkeppni á við í öllum atvinnurekstri, hvers kyns fjármálaþjónustu líka. Auka ætti samkeppni á þessum markaði með því að létta á kröfum og auðvelda inngöngu nýrra aðila inn á markaðinn, neytendum til hagsbóta. Þegar ríkið á um helming af viðskiptabönkum í hagkerfinu þarf að huga einstaklega vel að samkeppni. Það er sjaldnast hollt fyrir markaði að einn aðili eða eigandi sé margfalt stærri en aðrir. Við höfum stigið stór og mikilvæg skref í að selja eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka og nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um að selja eftirstandandi hlut ríkisins.

Eigendastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki er skýr um að losa eigi frekar um eignarhald ríkisins í fjármálakerfinu. Þessu er ég sammála og hef alltaf verið. Að fyrirmynd Norðmanna kann að vera skynsamlegt að ríkið myndi halda eftir ákveðnum eignarhlut í þágu fjármálastöðugleika og tryggingu fyrir því að á Íslandi verði ávallt höfuðstöðvar viðskiptabanka.

Ríkið er ekki góður eigandi

Augljóst er að nokkur styr hefur staðið um eignarhald ríkisins í fjármálafyrirtækjum síðustu ár og svo gerir enn. Margir draga þá ályktun að það sé einfaldlega vegna þess að ekki hafi verið nægilega vel haldið á málum. Í mínum huga er það röng sjúkdómsgreining. Ríkið er ekki heppilegur eigandi að fjármálakerfinu. Þannig er það heldur hvergi hjá þjóðum sem við teljum til fyrirmyndar. En af hverju? Er það vegna sjónarmiða hægri manna?

Nei, það er ekki ástæðan. Ástæðan liggur í eðli banka, ekki eingöngu því að þeir eru fyrirtæki. Eðli banka er milliganga fjármagns þeirra sem hafa það en þurfa ekki að nota það alveg strax og þeirra sem það þurfa, oft í langan tíma. Bankinn stýrir síðan þessu tímamismisvægi og þiggur gjald. Þetta er aldargömul saga og þannig verður bankastarfsemi áfram. Hvert er þá vandamálið við eignarhald ríkisins á bönkum? Það er eðli stjórnmálanna. Það þarf ekki að fylgjast lengi með stjórnmálum í lýðræðisríkjum til að sjá að þar eru aðilar sem eru að berjast fyrir hagsmunum og verkefnum sem standast ekki markaðsforsendur eða eðlilega ávöxtunarkröfu. Þannig á það að vera, ríkið tekur við þar sem brestur verður eða verkefni þarfnast samtakamáttar þjóðarinnar, í krafti skattheimtu. Og þar bera stjórnmálamenn beina pólitíska ábyrgð og leggja verk sín í hendur kjósenda með reglubundnum og opnum hætti.



Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir



Eigendastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki er skýr um að losa eigi frekar um eignarhald ríkisins í fjármálakerfinu.

Það sjá allir að þessi tvö hlutverk skarast ef ríkið er eigandi. Til lengri tíma er öruggt að stjórnmálin ráða för, ekki viðskiptaleg sjónarmið. Ég vil ekki opinber afskipti af fjármögnun verkefna einkaaðila. Við þekkjum öll söguna um að héraðs var langt tímabil þar sem flokksskirteini réðu hver fékk fjármagn en ekki hvaða verkefni ætti að fjármagna. Þess vegna segi ég að eðlilegt fjármálakerfi starfi eftir reglum frá stjórnvöldum og undir eftirliti þeirra. Mikilvægt er að skapa markaðsaðhald með starfseminni og að hún sé gagnsæ á allan hátt. Það er aðeins ein leið til að mæta þessum sjónarmiðum og það er að bankarnir séu skráðir á markað og í dreifðu og almennu eignarhaldi.

Milljörðum betur borgið í innviðum

Ríkið er með hátt í 400 milljarða króna bundna í eignarhaldi viðskiptabanka í dag. Fórnarkostnaður þess er svimandi hár. Það blasir við að þeir milljarðar væru betur bundnir í efnahagslegum og samfélagslegum innviðum sem nýfast öllum almenningsi og einkaaðilar eiga ekki eins hægt um vik að sinna. Að ótöldu því að þeir fjármunir gætu lækkað skuldir ríkissjóðs sem eru nú hærri en æskilegt er. Til að setja fjárhæðirnar í samhengi gæti sala á öllum eignarhlut ríkisins í bönkum fjármagnað allar fjárfestingar ríkisins í um fjögur ár. Ríkið á að sinna því að fjárfesta í vegakerfi, sjúkrahúsum, fangelsum og öðrum innviðum. Einkaframtakið á að sinna rekstri banka.

Gott samband við viðskiptavinum varðar leiðina

Hugmyndin um tryggingar hefur fylgt mannkyni allt frá því að samfélög tóku að myndast, það er sú hugsun að ef einstaklingur verður fyrir tjóni grípi samfélag fólks hann og geri honum kleift að koma aftur undir sig fótunum. Með tryggingum dreifist áhættan vegna tjóna þannig á fleiri, hún færist af einstaklingum yfir á samfélag og við tökumst saman á við óvænt áföll.

Þegar Sjóvátryggingafélag Íslands var stofnað árið 1918 hafði fólk sýnt um nokkurt skeið að hér á landi væri ekki starfandi innlent almennt váttryggingafélag heldur aðeins umboðsskrifstofur erlendra félaga. Með stofnun félagsins var því stigið fyrsta skrefið hér á landi af einstaklingum til að reka sjálfstætt, innlent tryggingahlutfélag. Það var trú fólks að með þeim hætti væri betur hægt að mæta þörfum viðskiptavina, veita þeim betri þjónustu og sinna um leið betur eiginlegu hlutverki trygginga.

Íslendingar eru vel tryggðir

Við hjá Sjóvá höfum skilgreint hlutverk okkar sem það að tryggja verðmætin í lífi fólks. Til að geta sinnt því hlutverki eins og best verður á kosið er nauðsynlegt fyrir okkur að vera í stöðugu og góðu sambandi við viðskiptavinum okkar, einstaklinga jafnt sem fyrirtæki. Við höfum því lagt ríka áherslu á að eiga frumkvæði í samskiptum við viðskiptavinum okkar og hlusta vel á þá. Við fáum einnig fjölmörg tækifæri til að eiga í samskiptum við viðskiptavinum okkar þegar þeir verða fyrir tjóni en yfir 39.000 tjón voru tilkynnt til okkar á síðasta ári, eða sem nemur 107 tjónum á dag. Þá erum við til staðar, hvenær sem er sólarhringsins.

Við þurfum einnig að fylgjast vel með allri samfélagsþróun til að geta mætt þörfum fólks fyrir tryggingavernd hverju sinni. Á heildina litið eru Íslendingar vel tryggðir og vilja vera það. Mikilvægt er að vörur okkar endurspegli lífsstíl fólks og aðstæður, sem sannarlega hafa tekið miklum breytingum í árána rás. Ný verðmæti hafa



Hermann Björnsson



Þó að margt hafi breyst frá stofnun Sjóvá má segja að kjarni starfseminnar sé í grunninn enn sá sami.

orðið til og önnur horfið, fjölskyldumynstur er orðið fjölbreyttara, sem og bakgrunnur fólks, og tómsundaiðkun er orðin ríkari þáttur í lífi margra. Þarfirnar eru orðnar fleiri og fjölbreyttari og mikilvægt að við séum stöðugt að greina þær og mæta þeim.

Fyrirtækjarekstur á Íslandi hefur sömuleiðis tekið miklum breytingum. Fyrirtæki sem starfa hérlendis eru í dag af öllum stærðum og gerðum, allt frá einyrkjum í sjálfstæðum rekstri til stórra fyrirtækja með umfangsmikla alþjóðlega starfsemi. Það er okkar að bjóða upp á vörur og þjónustu sem henta þörfum þessara ólíku hópa, ekki hvað síst þegar á reynir.

Ávinningur starfrænna lausna

Við þurfum ekki síður að fylgjast vel með hvernig viðskiptavinir okkar kjósa að eiga í samskiptum við okkur enda gerir ör tækniþróun okkur mögulegt að bjóða upp á sífellt fjölbreyttari þjónustuleiðir. Lykilatriði er að taka mið af því sem hentar viðskiptavininum best hverju sinni. Sumir vilja geta afgreitt sín mál sjálf þegar þeim hentar og þá eiga þeir þann valkost. Aðrir vilja eiga samtal með tölvupósti og enn aðrir vilja einfaldlega koma til okkar. Við

107

39.000 tjón voru tilkynnt til Sjóvá á síðasta ári, eða sem nemur 107 tjónum á dag.

höfum því lagt ríka áherslu á að þróa stöðugt stafrænar lausnir, um leið og við höldum úti öflugum útibúaneti um allt land. Ólíkar þjónustuleiðir styðja enda vel hver við aðra og gera okkur kleift að veita framúrskarandi þjónustu.

Stafrænum lausnum fylgir þó oftast en ekki meiri ávinningur en bara bætt þjónusta. Þannig hefur okkur hjá Sjóvá sem dæmi tekist að spara um 42 þúsund kílómetra akstur árlega frá því við byrjuðum að skoða tjón með rafrænum hætti. Það er mikilvægur hluti af starfi okkar að vera alltaf með augun opin fyrir tækifærum sem tæknijungar bjóða upp á, einnig til að geta hagað starfsemi með sem sjálfbærustum hætti.

Þótt sjálfbærni og samfélagsleg ábyrgð fái sífellt aukna athygli í starfsemi tryggingafélaga er óhætt að segja að þessir þættir hafi í raun alltaf verið samofnir tryggingum, eðli starfseminnar vegna. Forvarnir hafa sem dæmi alltaf verið mikilvægur hluti tryggingastarfsemi, þó að vissulega hafi vægi þeirra aukist. Það er okkur hjá Sjóvá mikið kappmál að nýta þekkingu okkar til að koma í veg fyrir hverskyns tjón, óhöpp eða slys, jafnt hjá einstaklingum sem fyrirtækjum. Hér er enda mikið í húfi fyrir samfélagið allt. Okkar besta ráðgjöf er alltaf að koma í veg fyrir eða lágmarka afleiðingar tjóna.

Samstarf er lykilatriði

Síðari árin hefur einnig komið skýrt í ljós hversu gríðarlega soun er oft hægt að koma í veg fyrir með því að fækka tjónum og bregðast rétt við þeim tjónum sem upp koma. Gott

dæmi um slíkt eru framrúðutjón, sem eru of algeng á Íslandi. Með því að setja lítinn framrúðuplástur á stjórn sem hefur myndast í rúðu eftir steinkast er hægt að stórauka líkurnar á að hægt sé að gera við hana. Útreikningar verkfræðistofu sýna að viðgerð á framrúðu losar um 24 þúsund sinnum minni koltvísyring en það að skipta um hana svo hér er til mikils að vinna. Við hjá Sjóvá höfum náð góðum árangri með viðskiptavinum okkar og samstarfsaðilum á verkstæðum í að auka hlutfall framrúðuviðgerða og minnka þar með soun. Við erum stöðugt að leita uppi fleiri slík tækifæri í tjónþjónustu okkar, með hag viðskiptavina og samfélagsins alls að leiðarljósi.

Samstarf er lykilatriði til að árangur náist á sviði forvarna. Við höfum verið afar lánsöm með samstarfsaðila í gegnum tíðina og unnið að fjölbreyttum forvarnaverkefnum með ýmsum öflugum aðilum. Áratuglangt samstarf okkar við Slysavarnafélagið Landsbjörgu hefur sem dæmi gefið ríkulega af sér á sviði forvarna, nú síðast með komu þriggja nýrra björgunarskipa til landsins sem Sjóvá styrkti kaupin á. Það verkefni sýnir vel hvernig hægt er að gera gott samfélag enn betra og öruggara í krafti samtakamáttisins.

Þó að margt hafi breyst frá stofnun Sjóvá má segja að kjarni starfseminnar sé í grunninn enn sá sami. Við erum bakhjarl einstaklinga og fyrirtækja þegar á reynir. Því hlutverki getum við sinnt af sanngirni og umhyggju með því að vera í stöðugu og góðu sambandi við viðskiptavinum og fylgjast vel breytingum í samfélaginu. Með öflugum mannauði sem hefur metnað til að veita framúrskarandi þjónustu hefur okkur tekist að auka traust viðskiptavina okkar stöðugt og vaxa á markaði. Fyrir það erum við þakklát. Við hlökkum því til að halda áfram að vinna eftir skýrri framtíðarsýn og veita tryggingaþjónustu og ráðgjöf sem skapar traust og hugarró í lífi viðskiptavina okkar.



FYRIR YKKUR SEM ERUÐ AÐ PLANA, PÆLA OG ENDURHUGSA

ÍSLENSKA
ÁNÆGJU OGIN

ÁNÆGDUSTU
VIÐSKIPTAVINIR
BYGGINGAVÖRU-
VERSLANA
SJÓ ÁR Í RÖÐ
2017-2023

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN